



## LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2013

### Umsögn frá Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) um 11. mál á 143. löggjafarþingi, frumvarp til laga um viðbrögð við skuldavanda einstaklinga með lán með veði í eign þriðja aðila.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 30. október sl. leitað eftir umsögn LL um framangreint frumvarp.

Frumvarpið er eðlilegt framhald af sameiginlegri viljayfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands og Landssamtaka lífeyrissjóða sem undirrituð var þann 23. apríl sl. Aðilar samkomulagsins voru sammála um að vinna að öflun nauðsynlegra heimilda til að geta í sameiningu unnið að lausn á málefnum þeirra sem tóku lán til íbúðarkaupa með veði í eign þriðja manns. Aðgerðin byggði á því að ná fram því markmiði að jafna stöðu þeirra aðila sem fengu niðurfærslu skv. samkomulagi, dags. 15. janúar 2011 um hina svokölluðu 110% leið. Aðgerðin var háð ákveðnum skilyrðum sem talin voru upp í þremur liðum:


- Að ríkisstjórnin afli nauðsynlegra lagaheimilda til þess að skuldbinda ríkissjóð til að greiða til hlutaðeigandi lífeyrissjóðs sem svarar allt að 90% af kostnaði við lækkun eftirstöðva lánsveðslána. Hlut ríkisins skal greiða með þremur jöfnum greiðslum, í janúarmánuði árin 2014, 2015 og 2016. Greiðslur tveggja síðari árana (2015 og 2016) skulu bera 3,25% vexti.
- Að samráð hafi verið haft við Fjármálaeftirlitið, Eftirlitsstofnun EFTA og Samkeppniseftirlitið.
- Að stjórnir hlutaðeigandi lífeyrissjóða hafi staðfest samkomulag um efnið að fengnu álitum um lögmæti skuldbindinga skv. samkomulaginu.

Umrætt frumvarp er liður í því að aflað verði nauðsynlegra lagaheimilda til að standa við sinn hluta yfirlýsingarinnar auk þess að halda inni þeim fyrirvörum sem standa að lífeyrissjóðunum.

Landssamtök lífeyrissjóða, f.h. hlutaðeigandi lífeyrissjóða voru aðilar að yfirlýsingunni og styðja því frumvarp þetta sem er liður í því að unnt sé að gangast í umræddar aðgerðir.

Virðingarfyllst

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

  
Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri